Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 11


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

## Fundur fátækranefndarinnar 14. okt.

1. Úthlutun alþýðustyrktarsjóðs ×
2. Áætlun fyrir næsta ár ×
×3. Styrkveiting handa Guðjóni Sólberg Friðrikssyni
×4 — " — Sigurði Sigurðssyni, Laugaveg 53
×5. — " — Þóreyju Guðmundsd., Landak. spítala
×6. Styrkbeiðni Sveins Ólafssonar, Smiðjustíg 11
7. Vilborg Sigurðard. segir Guðbrand Sigurðsson til sveitar
8. Meðlag með Helga Helgasyni
9. Styrkbeiðni Þórarins Jónssonar, Selsholti
10 — " — Ólafs Ólafssonar, Ísafirði
11. — " — Pjeturs Sigurðss., Bræðraborgarstíg 21
12. Reikningar Guðm. Björnssonar landlæknis
13. Árni Jósepsson lagður inn á sjúkrahús ×
14. Meðlag með dóttur Bertelsens
15. Meðlag með barni Sigríðar Jónsdóttur, Árnanaustum

## Fundur 28. okt. '09

6, Ásmundi falið til rannsóknar —
7, Falið Þórði Narfasyni
8, Tala við Sigurð Sigurðsson og gefa umsögn
9, Neita beiðni Þórarins Jónssonar —
10, [illegible] svarað [illegible] —
11, Ábyrgð tekin á húsaleigu. Fátækrafulltrúa Guðm. Jakobssyni falið að semja um ódýrt húsnæði. —
12, Neita að greiða Guðm. Björnssyni —
14, Árna falið að koma dóttur Bertelsens fyrir. —
15, ~~Barn~~ Árna falið að tala föður barnsins. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt að hætta meðlag með
barni Jóns/

Jón í Sundi á Ásólfsskála
Eyjafjallahr. veppi. —/

Björn Pálsson

---

Ábyrgjast húsaleigu fyrir Ragnhildar
Björnsdóttur Nýlendugötu — 3-4. kr.

---

Guðbjörg Guðmundsdóttir Laugaveg 20
þag að fá 5 kr. á mánuði. —

---

Diðrikka Holter komið fyrir hjá Pálma
Pálmasyni Grettisgötu 40 fyrir 18 kr. á
mánuði frá 8. okt. —

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 25. okt. 1909

Háttvirti herra borgarstjóri!

Um leid og jeg votta ydur mínar beztu þakkir fyrir þá miklu og gódu hjálp, sem þjer veittud mjer medan jeg lá heima, þá neydist jeg nú til ad leita til ydar aftur og mælast til ad þjer vildud láta einhverja hjálp í tje konu minni og barni, sem jeg hef mikla áhyggju af, ad muni lída tilfinnanlegan skort, ef þeim ekki er lidsinnt. Jeg vonast til, ad þeim verdi hjálpad engu sídur nú, er jeg er kominn á spítalann.

Jeg leyfi mjer ad vænta góds árangurs af þessari málaleitun og treysti ydur til hins bezta í því efni.

Virdingarfyllst
Árni P. Jósefsson
smikkari.

Til
Borgarstjórans í Reykjavík.

I. Rvk. 118/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G. BJÖRNSSON

landlæknir.

Viðtalstími firir sjúklinga: 10 – 11 árd.
Einnig heima virka daga: 7 – 8 síð.

Talsími: 18.

Guðrún Eiríksdóttir hefir lungnatæringu, en allgóða batavon, þarf að hafa góðan aðbúnað og gott viðurværi í vetur.

Nú segist hún fá 20 kr. á mánuði, en það getur ekki hrokkið til þess alls, sem hún þarf, heilsu sinnar vegna.

Jeg tel hyggilegast að fátækranefnd láti hana í sjúkrahúsið í vetur — þá mest vonin um að hún geti unnið fyrir sjer næsta Sumar /

Reikjavík 20/10 1909

G. Björnsson.

F. Rvk. 114/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjá mjer hefur dvalið síðan snemma í síðastl. júnímánuði sonar-sonur minn Óskar Magnússon 12 ára gamall, sem á hvorki föður nje móður á lífi en á framfærslurjett í Reykjavík.

Leyfi jeg mjer nú að fara þess á leit við heiðraða fátækrastjórn Reykjavíkur, að hún í meðgjafarskini vilji greiða mjer svo sem 40 Kr. fyrir að halda drenginum, sem langar til að vera hjá mjer og jeg vil því nauðugur láta fara frá mjer, þótt jeg fátæktar minnar vegna eigi erfitt með að halda honum.

Foreldrar drengsins voru Magnús Hannesson gullsmiður í Reykjavík og kona hans, sem bæði eru dáin fyrir 3–5 árum síðan og ljetu eptir sig 4 börn í ómegð og hafa hin 3 verið tekin í guðsþakkaskini.

Beiðni þessari fylgir fæðingarvottorð drengsins og vottorð sóknarprests míns.

Vegamótum í Garði 19. okt 1909

Hannes Hannesson

Til

fátækrastjórnar Reykjavíkur

I. R. 113

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vottast að hjá Hannesi Hannessyni á Vegamótum dvelur piltur, sonarsonur hans Óskar Magnússon að nafni 12 ára gamall.

Það vottast og eptir ósk að Hannes Hannesson er mjög fátækur maður og þrotinn að kröptum til að vinna.

Útskálum 19. okt. 1909

Kristinn Daníelsson.

F. Roh. 113/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Óskar Magnússon

er fæddur 8. júní 1897, og skírður 15. ág. s. á.

Foreldrar: Hjónin Magnús gullsm. Hannesson og Guðfinna Guðrún Jónsdóttir, við Laugaveg.

Samhljóða ministerialbók Reykjavíkurprestakalls vottar

Reykjavík, 24. sept. 1909
Jóhann Þorkelsson.

F. Reykv. 113

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásgeiri Jónssyni falið að rannsaka

Þegar maður minn sálugi Olafur Björnsson á Kirkjubóli andaðist í marzmánuði 1905 áttum 8 börn á lífi; voru 6 þeirra þá ófermd og í ómegð, en 2 þeirra fermd, hið elzta sonur okkar, Stefán, sem þá var 17 ára, og hitt dóttir okkar, Guðrún Sigríður, þá 15 ára gömul. Í maímánuði sama ár lagðist jeg veik, og lá rúmföst allt sumarið og fram á næsta vetur, og síðan var jeg í tvö ár alveg heilsulaus og optast rúmföst. Við hjón áttum steinbæ á Kirkjubóli, sem við bjuggum í, en sökum ómegðar og heilsuleysis á heimili okkar urðum við í 15 ár að fá nokkra hjálp af fátækrasjóði Reykjavíkur. Tók fátækrastjórnin þá 2. veðrjett í bæ okkar næst á eptir skuld þeirri, sem á honum hvíldi til veðdeildar landsbankans. Haustið 1905 var bæjareign þessi seld fyrir 4000 krónur. Var þá hjálp sú sem jeg og maður minn sálugi höfðum fengið af fátækrasjóði orðin alls samtals 1053 kr 21 e, og þá upphæð tók fátækrastjórnin alla af andvirðinu, þrátt fyrir það þó jeg beiddi hana að gefa mjer eptir eða veita mjer frest á borgun helmings þessarar upphæðar. Fram að þessum tíma hefi jeg síðan

[illegible] 1/12 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engan styrk fengið af fátækrasjóði, því nefndur Stefán sonur minn, hefir í síðastliðin 4 ár með aðstoð elztu systur sinnar, af ýtrasta megni alið önn fyrir mjer og minu fjölskyldu heimili; jafnframt því sem hann hefir annast um vexti og afborgun af húseign þeirri, sem við ljetum byggja handa okkur á Laugavegi hjá „Mjölni.“ En nú er svo komið að hann verður að verja öllu því sem hann getur unnið fyrir til þess að borga með áfallnar skuldir, sem á húseigninni hvíla, og innleysa víxla, sem hann þar afleiðandi hefir orðið að fá, því annars verður húseignin tekin af honum og seld, og þar með væri allt það sem hann- og jeg- eigum í henni algjörlega tapað. Með því nú að hann ekki getur þettar ár, af framangreindum ástæðum - þrátt fyrir sinn góða vilja, - veitt heimili mínu neinn fjárhagslegan stuðning, en jeg hefi enn 4 börn mín ófermd, og 3 af þeim heima hjá mjer fram að færa, neyðist jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrafje frá byrjun yfirstandandi októbermánaðar til loka næstkomandi maímánaðar 20 krónur á hverjum mánuði, en með minni hjálp get jeg ekki komizt neyðarlítið af fyrir mig og heimili mitt.

Laugavegi (hjá Mjölni) 13. október 1909.

Auðmjúklegast.

Sigríður Magnúsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Taka heimilið.

Vegna þess að jeg er nú er í svo bágum kringumstöðum að jeg án hjálpar ekki get komist af fyrir mig, konu mína og barn okkar, nema jeg fái nú þegar að minnsta kosti 10 krónur af fátækrasjóði, til þess að kaupa fyrir kol og matbjörg handa okkur, og síðan styrk eptir þörfum framvegis, ef jeg ekki get fengið neina atvinnu svo jeg geti unnið nægilega fyrir framfærslu okkar, leyfi jeg mjer auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að láta mig nú þegar fá 10 kr af fátækrasjóði, - auk þeirra 10 kr, sem mjer voru veittar fyrir skömmu -, því annars neyðist jeg til að biðja fátækrastjórnina að taka heimili upp, og ráðstafa konu minni og barni okkar þannig á fátækrasjóðsins kostnað að þau ekki þurfi að líða neina neyð. - Undanfarnar 3 vikur hefi jeg verið alveg atvinnulaus og ekkert getað fengið að gjöra, en vonast eptir að jeg geti máske fengið eitthvað að gjöra framvegis við eyrarvinnu, svo jeg geti nokkurnveginn komist af, ef jeg fæ nú þegar þær ofanumbeðnar 10 kr.

Laugavegi 35 í Reykjavík, 14 október 1909.

Auðmjúklegast.

Ásmundur Ólafsson.

111

K. Bachmann [?]

Til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávísast eptir Þorfinni

Vegna þess að jeg að jeg um undanfarin ár hefi verið mjög heilsulinur, og þess vegna ekki mátt stunda sjó nje leggja á mig neina þunga áreynzluvinnu, og á síðastliðnu sumri sárlítið getað unnið mjer til lífsbjargar, og öðru hvoru verið við rúmið, — er heimili mitt nú þegar bjargarlaust, og vantar bæði mat, kol og olíu til vetrarins, en jeg hefi auk mín og konu minnar 7 börn okkar fram að færa hið elzta þeirra 15 ára og hið yngsta 6 vikna gamalt. Þess vegna er jeg knúður til þess í auðmýkt að leita ásjár hinnar háttvirtu fátækrastjórnar, og biðja hana að veita mjer nú þegar 200 króna hjálp af fátækrasjóði til þess að jeg fyrir þá geti keypt hið allra nauðsynlegasta heimilisbjargræði fyrir komandi vetur. Jeg er öreigi að öllu öðru en því, að jeg á skuldlaust steinbæinn Traðarkot, en hann stendur á annars manns lóð, og þess vegna hefi jeg ekki getað fengið neitt lán út hann í landsbankanum. En jeg er fús til að veðsetja fátækrastjórninni hann með 1. veðrjetti fyrir þessari umbeðnu hjálp af fátækrasjóði, og þeirri hjálp, sem mjer framvegis kynni að verða veitt. Jeg skal geta þess að bær þessi var fyrir 4 árum, eptir að nýbúið var að gjöra við hann, virtur til brunabóta á 1100 krónur.

Jeg dirfist að treysta því að hin háttvirta fátækrastjórn

J. Rich. Hoa[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veiti þessari auðmjúku bæn minni fljóta og mannúðlega áheyrn, því þörf mín brýn og mikil og fjölskylda mín þung.

Traðarkoti í Reykjavík, 13. október 1909.

Auðmjúklegast.

Marteinn Finnbogason.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20 kr.

Reykjavík 13 Október 1909

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd að hún veiti mjer 100. krónur styrk. til þess að ég nú geti feingið mjer matbjörg til vetrarins meðan hann er ódýr og hægt er að fá hann. Heimilisástæður mínar eru erfiðar mjög. þar sem konan mín er mjög heilsulaus, eins og meðfilgandi læknis vottorð sýnir og þarf ég því fremur hjálpar við.
Jeg skal taka það framm að jég ætla ekki að biðja um frekari hjálp á þessum vetri. þar sem ég vona að jég komist af með þeirri vinnu sem ég hef von með

F. Ach. 109/1909

Virðingarfilst
Tómas Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgað

# Reikningur

til Fátækrastjórnar Reykjavíkur

frá Undirritaðri

| 1909 | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| | fyrir veru Sigríðar Bjargar Pétursdóttir hún kom til mín 24 júlí og er því búin að vera í dag 11 vikur og af þeim tíma hefir hún legið 2 vikur og svo vakti jeg yfir henni 3 nætur | | krónur |
| | fyrir þessa 11 vikur gjet jeg ekki sett minna en | | kr 77 00 |
| | fyrir sængurlegu og vökunætur og fl. | | 18 00 |
| | til samans | | 95,00 |

(NB Barnið heitir „Axel" og er fætt 23 sept.)

Reykjavík 10. okt 1909

Sigríður Stefánsdóttir

B. Rek. 105/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ragnheiður Magnúsdóttir, kona Tómasar Halldórs-sonar, Laugaveg 61., hefur hjarta- og lungna-sjúkdóm, er ófær til vinnu og þurfti hjúkrunar.

Reykjavík, 10/1 09

G. Magnússon

læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að húseigandi Guðjón Ólafsson sem jeg leigi hjá hefur tjáð mjer að brjef það sem skrifað var fyrir mig í Maí þ. á. muni hafa glatas. Hvers innihald var að biðja hina háttvirtu fátækranefnd um að borga fyrir mig húsaleigu áfram því að mjer hefur verið alls ómögulegt að spara svo af vinnu minni frá daglegu brauði minu og minna. að jeg hafi getað það. Jeg leifi mjer því auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu nefnd að veita mjer húsaleigu áfram því annars liggur ekki annað fyrir mjer enn að mjer verði vísað út eins og eðlilegt er.

Bræðraborgarstíg 21

Pjetur Sigurðsson

Virðingarfyllst
Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

F. Pels 102 / 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nei

Með brjefi þessu leyfi eg mjer að fara þess á leyt við hina Heyðruðu Fátækranefnd að hún vildi svo vel gjöra og hjálpa mjer um uppá einhvern máta fyrir svo sem 4 kindarkroppum meðan Ekki er sett upp verðið á kjötinu. Eg hef Ekki getað innunnið mjer meyra en það sem þarf handa 6 jafnvel 7 mans. því þó Þórður sonur minn sje hjá mjer og væri í kaupavinnu í sumar og þó hann skilaði mjer mest öllu kaupi sínu þá er það Ekki nema aðeins handa honum sjálfum. þar sem hann ber sig Ekki að inn=vinna neytt til hjálpar þegar hjer er heym komið, nema síður sje aðhafst. þettað kann að kallast harður vitnisburður um barn sitt En sannur er hann. Ef nú mjer mætti veitast þessi bón mín bið eg Hr Arna Einararsson að veyta því viðtöku fyrir mína hönd

Virðingarfyllst

Litluklöpp 12 Oktober 1909
Brinjólfur Eyriksson

Afhenda slátur 1 20 kr
10/10 1909
F. Rvk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ábyrgist ekki

Reykjavík, 13. Oktober 1909

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer-
með að tilkynna hinni heiðruðu
fátækrastjórn að Ásmundur Ólafsson
sem haft hefur á leigu hjá mér íbúð
fyrir 7 kr um mánuðinn hefir eigi
getað greitt mjer hina umsömdu leigu
nema til 14. ágúst og að jeg því aðeins leigi
honum áfram að fátækranefndin ábyrg-
ist mjer leiguna frá 1. þ. m. að öðrum
kosti verður hann að flytja burt nú
þegar.

Virðingarfyllst
Ólafur Þórðarson
Laugaveg No 35

Í. Rvk. 106/1909

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**GUÐMUNDUR HANNESSON**
læknir
Viðtalstími kl. 2—4.

Rp.

Árni Jósefsson Njálsgötu 40 B.
er brjóstveikur og þarf að leggjast
á spítala.

27/9 1907

Guðm. Hannesson

Rvík. 10/10 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með til kinni jeg hinni heiðruðu fátækranemd að jeg á að borga 80 kr 25 og þar til hef jeg eingin ráð því jeg geing slepur fraskipi sem jeg hef verið á bærinn er virtur á 24 hundrað með lóð firir tveimur árum það eru mín vinsamleg til mæli að fátækrastjórnen borgaði þessa upphæð firir mig og sveitin hefddi um ráð á eignenni skuldin við veddeildina er eitt þúsund og annað hvílir ekki á henni

Selsholti 4 Október 1909

Þórarinn Jónsson

B. Kvh. 104/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um þurfalinginn Ólaf Ólafsson

1. Fullt nafn þurfalingsins Ólafur Ólafsson

2. Fæðingardagur og ár 13. júní 1851

3. Fæðingarstaður Miðhús á Álftanesi í Gullbringusýslu

4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Garðahreppur

5. Giptur, hvar og hvenær? 28. desbrm. 1881 í Reykjavík

6. Nafn konunnar, hvenær hún sje fædd og hvar? Ingibjörg Pálína Pálsdóttir fædd 1845 í Reykjavík

7. Barnafjöldi og aldur þeirra 2 dætur, 28 ára og 19 ára og hafa báðar fyrir barni að sjá, ógiftar

8. Æfiferill þurfalings eptir 16 ára aldur.

3 ár í Sandvíkurhreppi
4 - - Hraungerðishreppi
1 - - Gnúpverjahreppi
1 - - Hraungerðishreppi
1 - í Reykjavík, vinnumaður
16 - rúm í Reykjavík, fyrst á kvongaður, síðan kvongaður, fór þaðan um haust austur á land og settist að á Seyðisfirði og var þar 10 ár norðfell, kom þangað í október en fór það sumarið 1903 og kom hingað til Ísafjarðar 15. ágústm. og hefur dvalið hér síðan eða í
6 ár
42 ár

J. Rok 101
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn? Hefur þegid sveitarstyrk ~~Ha~~ handa sér tvisvar í Rvík að vetrarlagi sakir veikinda, og var þá Schierbeck landlæknir

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn? Nei

11, Hvernig heilsufari hans sje háttað? hefur sæmilega heilsu en farinn að gefa sig við vinnu.

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðzt? hefur nú enga atvinnu nema þegar hann er beðinn að gjöra viðvik fyrir menn öðru hvoru

13. Hve mikið hann hafi á viku (á mánuði)? —

14. Hvernig heilsufari konunnar sje háttað? heilsufar konunnar er lítilfjörlegt og er hún þrotin að kröftum

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru? Nei

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sjer að einhverju leyti? Börnin bláfátæk og eiga nóg með að standa straum af ómegð sinni.

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins hefur enga hjálp annarsstaðar frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi? Sakir atvinnuskortsins í sumar, sérstaklega síðari hlutann

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi. að eins nauðsynlegustu búsáhöld, mjög lítil-fjörleg, en enga skepnu

20. Hvaða matbjörg hann eigi. Á lítið eitt af slátri en annað að eins til næsta máls og skuldar 35 kr. peningalán.

Að skýrsla þessi sje rjett og sönn i alla staði, vottast hjermeð undir eiðs tiboð.

Ólafur Ólafsson

(Nafn þurfalings).

Framanritaða skýrslu hef jeg tekið í dag í viðurvist undirskrifaðra votta, og votta jeg að skýrslan er rjett bókuð eptir framburði þurfalingsins.

.................... þ. .................... 190

hreppstjóri.

Vottar:

---

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er. Skýrslan skal gefin

a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b. konunni.
c. Ef um einhleypar persónur er að ræða af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sje skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unnt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfjelag rjett til endurgialds á styrknum, sjá 64 og 65 gr. fátækralaganna sbr. og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eftirrit
## af dómsmálabók Ísafjarðarkaupstaðar 1909.

---

Ár 1909, hinn 7. októberm. var lögreglurjettur Ísafjarðarkaupstaðar settur á skrifstofunni og haldinn af hinum reglulega dómara að viðstöddum vottum Gutm. Gutmundssyni og Halldóri Ólafssyni.

Fyrir tekið:

að taka skýrslu um ofiferil þurfalings.

Mættur er í rjettinum Ólafur Ólafsson, húsmaður á Ísafirði. Áminntur um sannsögli, gefur hann skýrslu á eyðublað til þess búið, og fylgir hún í frumriti.

Þurfalingurinn tekur fram, að enginn maður, hvorki fátækranefnd né aðrir, hafi amast við sjer á Seyðisfirði og hafi hann farið þaðan algjört af eigin hvötum.

Hann segist eiga ógreidda húsaleigu fyrir september og október eða 10 kr. Uppl. staðf.

Rjetti slitið.

Magnús Torfason

Vottar:

Gutm. Gutmundsson

Halldór Ólafsson

Rjett eftirrit staðfestir.

Magnús Torfason

101

f. Rvk. [illegible] 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bæjarfógeti

Samkvæmt erindi því er jeg skrifaði bæjarfógetanum í Reykjavík hafið þjer tjáð mjer sem úrslit þess erindis að mjer yrði veittur húsaleigu styrkur og af því leiðandi hafið þjer tjáð mjer að þegar jeg ekki gæti hjá honum komist gæti jeg yður vitað af því og þar sem jeg nú atvinnu skorts vegna ekki sje mjer fært að borga húsaleigu frá Ágúst lokum þ. á. og það til vordaga næsta ár er jeg tilneiddur að framfylgja ofanrituðu húsaleigustyrkserindi mínu.

Með virðingu

Ísafirði 25 September 1909

Ólafur Ólafsson

Til

Bæjarfógetans í Ísafjarðar kaupstað

F. Rvk. 101/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 3. október 1909 gjörðum við undirritaðir aðsjón hjá Ólafi Ólafssyni, húsmanni hjer í bænum.

Hafði nefndur Ólafur, sem á framfærslusveit í Reykjavík, þann 25. f. m. beiðst fátækrastirks hjer í kaupstaðnum, sjerstaklega til að geta staðið í skilum með húsaleigu eptirleiðis.

Styrkbeiðandi er kominn nær sextugu, hefur aldraða konu fram að færa, og er sjálfur ekki fær um að stunda sjó, allra síst að vetrinum. Hann hefur haft rýra atvinnu í sumar, er að vísu skuldlaus í verslunum, en hefur þó ekkert lánstraust. Ekki getur talist útlit á að hann hafi neina viðlega atvinnu í komanda vetri og mætti því telja gott ef hann yrði þess megnugur að fæða þau hjón, sig og konu sína, forðalaus undir veturinn.

Á heimili hans eru ekki aðrir munir til en rúm, borð og eldhúsgögn og geymsluílát, sem minnst verður komist af með. Álítum við því, að hann ekki geti greitt húsaleigu sína.

Herbergi það sem hann hefur á leigu er á lopti uppi 4×5 álnir og svo dálítið pláss til geymslu í kjallara.

Leigan er 5 kr. á mánuði og má það teljast í lægra lagi eptir því sem hjer gjörist.

Ísafirði 3. okt. 1909

Í fátækranefnd Ísafjarðarkaupstaðar

Árni Gíslason
formaður

Guðm. Guðm.

Jón Grundal

1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Á ÍSAFIRÐI

Ísafirði 7. Október 1909.

Eg leyfi mér að senda yður, herra borgarstjóri,
/. hértalin skjöl viðvíkjandi styrk veittum
húsmanni Ólafi Ólafssyni:

eftirrit af prófi.
skýrsla þurfalingsins
styrkbeiðni hans.
aðsjónargjörð.

og óska að fá 10 kr. húsaleigustyrk, sem honum var veittur í dag, endurgreiddan.

Magnús Torfason.

Til

Borgarstjóra Reykjavíkur

101
8. Okt. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# F. Rvk. 97/1909. —

## Umsóknir um styrk úr Alþýðustyrktarsjóði:

Einar Bjarnason, Bræðrabstg. 24
Elín Björnsdóttir, Laugaveg 30
Elín Magnúsd., Grjótag. 9
Friðrikka Friðfinnsd. Laugav. 27B
Friðrikka Jóhannsd., Ingólfshvol
Gróa Björnsd., Bröttug. 6 +
Gróa Rögnvaldsd. Rvík ++
Guðleif Pálsdóttir, Litlabæ
Guðm. Þorgilsson, Bergst. str. 8
Guðný Bjarnad., Hverfisg. 31 +
Guðríður Guðmundsd., Laugav. 54 +
Guðríður Ingjaldsd., Vesturg. 31 +
Guðríður Jónsd., Laugav. 26 +
Guðrún Gíslad., Laugav. 55
Guðrún Gunnarsd., Laugaveg +
Guðrún Guðmundsd., Vesturg. 26 +
Guðrún Halldórsd., Nýlendug. 17 +
Guðrún Hákonard., Hverfisg. 40

Guðrún Sigurðard., Mjóstræti 2
Guðrún Sæmundsd., Bjarnaborg
Guðrún Ögmundsd., Bókhlöðust. 6B
Halldóra Magnúsd., Hverfisg.
Halldóra Ólafsdóttir, Mýrdal
Helga Nikulásdóttir, Hverfisg. 22
Helga Pálsdóttir, Nýlendug. 12 +
Herdís Magnúsd., Njálsg. 50
Hólmfríður Magnúsd., Hávað 2 +
Ingibjörg Einarsd., Skólastr. 5 +
Ingibjörg Eyjólfsd., (Halldórshúsi) Hlíðarhúsum
Ingibjörg Eyjólfsd., Doktorshúsi
Jón Illugason, Rvík
Jón Jónsson, Laugav. 18 +
Kristín Jónsd. Laugaveg 57 +
Kristín Guðmundsd. Grettisg. 50
Kristbjörg Jónsdóttir, Grjóta
Kristbjörg Hinriksdóttir, Helgast.
Kristín Kristjánsd., Bergst. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Margrjet Einarsd., Grettisg. 36
Margrjet Einarsd., Melkoti
Margrjet Erlendsd., Klöpp
Margrjet Jónsdóttir, Bergst. st.
María Jónsdóttir, Laugaveg 26
Marta Lárusdóttir, Rvík
Oddbjörg Guðlaugsdóttir, Rvík
Oddrún Magnúsd., Bergst. st. 8
Ólöf Halldórsd., Kába-eystri
Ólöf Jónsdóttir, Bjarnaborg
Ólöf Sigurðard., Lindarg. 12
Ragnhildur Björnsd., Nýlendug. 16
Ragnheiður ~~Þorsteins~~ Leifsd., Eystri Kába
Rannveig Jónsd., Gíslaholti
Rannveig Þórðard., Þingh. str. 28
Rögnvaldur Teitsson, Hóli
Salgerður Magnúsd., Bakka
Salvör Ögmundsd., Njálsg. 51
Sigríður Bjarnad., Nýlendug. 15
Sigríður Guðmundsd., Vesturg. 51

Sigríður Jónsdóttir, Laugav. 12
Sigríður Pálsdóttir, Rvík
Sigríður Þorkelsd., Grettisg. 49.
Sigmundur Gissursson, Laugav. 54
Sigmundur Ólafsson, Laugav. 27B
Sigmundur Þórðarson, Rvík
Sigurlaug Guðmundsd., Laugav. 66
Steinunn Guðmundsd., Grettisg. 56
Steinunn Guðmundsd., Nýborg
Tómas Guðmundsson, Vesturg. 35
Þjóðbjörg Þórðard., Rvík
Þóra Jónsd. Smiðjust. 4
Þóra Jónsd., Nýlendug. 19
Þóra Magnúsd., Sveinsbæ
Þorbjörg Hafliðadóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34
20 = 300,-
15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirskrifuð leyfir sér hér með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar að hún veiti mér styrk úr alþýðustyrktarsjóði.

Ég hefi í fleiri ár verið veikluð og nú svo lasburða að ég get ekki lengur upp á eigin spýtur unnið fyrir mér án styrks.

Þess skal getið, að ég hefi eigi notið neins sveitarstyrks.

Þessari umsókn minni fylgir vottorð frá hr. lögregluþjóni Páli Árnasyni og prentara Jóni Árnasyni.

Reykjavík, 27. sept. 1909.

Elín Björnsdóttir
Laugaveg 30.

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að skýrsla Elínar Björnsdóttur um ástæður hennar og efnahag, er hún hefir gefið í umsóknarskjali um styrk úr alþýðustyrktarsjóði, dags. 27. sept. sl., sé í öllum atriðum sönn og rétt, það vottast hérmeð.

Reykjavík, 28. sept. 1909.

Jón Árnason
Páll Árnason.

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vildi eg mælast til að eg mætti verða aðnjót andi Elli stirksins þegar hon. um verður út deilt eins og að undan förnu,

Með virðingu

Mirdal 22 september 1909

Halldóra Olafsdóttir

Til

fátækra nefndarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirskrifuð leyfir sér hérmeð virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar að hún veiti mér styrk úr alþýðustyrktarsjóði.

Ég hefi í fleiri ár verið veikluð og nú svo lasburða að ég get ekki lengur uppá eigin spýtur unnið fyrir mér án styrks. Ég hefi verið vinnukona í full 30 ár og lausakona í 16 ár og hefi eigi notið neins sveitarstyrks.

Þessari umsókn minni fylgir vottorð frá hr. verkstjóra Hermanni Guðmundssyni og hr. prentara Jóni Árnasyni. -

Reykjavík, 27. sept. 1909.

Helga Nikulásdóttir

Hverfisgötu 22.

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að skýrsla Helgu Nikulásardóttur
um ástæður hennar og efnahag, er
hún hefir gefið í umsóknarskjali
um styrk úr alþýðustyrktarsjóði, dags.
þ. 27. þ. m. sé í öllum atriðum
rétt og sönn, það vottast hérmeð.

Reykjavík, 28. sept. 1909.

Hermann Guðmundsson
Jón Ásmarson

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg votta mitt innilegt þakklæti fyrir styrk þann – 10 kr – sem mjer um undanfarin ár hefir verið veittur úr Alþýðustyrktarsjóðnum, leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að biðja hina háttvirtu bæjarstjórn að veita mjer einnig á þessu styrk úr nefndum sjóði.

Njálsgötu 50 í Reykjavík, 20 september 1909.

Auðmjúklegast.

Herdís Magnúsdóttir.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heidrada fátækra nefnd

Hjér með fir eg þessa lít við ydur að þjer vildud gjöra svo vel og lofa mjer að verda að njótandi að Elli stirk þeim sem út deilt verdur midal fátækra gamal menna,

jeg undir Skrefud er 70 ára fædd í Videy 1839 þadan flutt uppí Mosfelssveit þadan flutt 30 ára gömul til Reykjavíkur og hjér verid sydan. firsta ár hjér var eg vinnu kona á Grimstödum og svo bú sett í 9 ár þá misti eg mann þann sem eg bjó með frá dóttir okkar þá í omegd. nú er eg hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessari sumu dóttir sem er ekkja og hefur barn að annast og mig. sem er orðin protin að heilsu og kröftum.

Eg vonast til að þessi bón min verði tikjin til greina yðar með virðingu
Nylendu götu 12. 30-9-1909
Helga Pálsdóttir

Hjer með vottum við undir skrifaðir að þettað er Rjett

Olafur Björnsson
Guðmundur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20. september 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að henni mætti þóknast að veita mjer nokkurn styrk úr Styrktarsjóði handa alþýðufólki.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg hef um all-langt árabil goldið til sveitar og í þenna sjóð, og þar sem jeg nú er orðin 77 ára gömul og þrotin að kröftum, leyfi jeg mjer að vænta þess, að hin háttv. bæjarstjórn sjái sjer fært að veita mjer eins ríflegan styrk og unnið er úr ofannefndum sjóði.

Virðingarfyllst

Ingibjörg Einarsdóttir
Skólastræti No. 5.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg votta mitt innilegt þakklæti fyrir styrk þann – 10kr – sem mjer undanfarin ár hefir verið veittur úr alþýðustyrktarsjóðnum, leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að biðja þess að mjer einnig þetta ár verði veittur styrkur úr nefndum sjóði

Helgastöðum í Reykjavík, 25. ágúst 1909.

Auðmjúklegast.

Kristbjörg Hinriksdóttir.

---

Að ofanrituð Kristbjörg Hinriksdóttir sje bláfátæk, heilsulítil og uppgefin einstæðingur sem engan á að vottast hjer með.

Klapparstíg 7 í Reykjavík, 25. ágúst 1909.

Ólafur Þórðarson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifuð óska að hin heiðraða Bæjarstjórn Reykjavíkur ~~Veitti~~ veiti mér styrk úr styrktarsjóði alþýðu eins og hún hefir gjört undanfarin haust.

Virðingarfyllst.

Doktorshúsi
Reykjavík 11. agúst 1909

Ingibjörg Eyjólfsdóttir

til

Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og að undanförnu óska
eg að mér verði veittur styrkur
úr Styrktarsjóði alþýðu þetta
ár, þar kringumstæður mínar
og atvinna er einga betri sem
ekki er von, og erðleingi þetta
ekki en treisti því að Bæjar
stjórnin veiti mér þessa ósk
mína sem ~~fyrri~~ fyrr.

Virðingarfyllst

Reykjavík 21. apríl 1909

Ingibjörg Eyjólfsdóttir

~~Nýlendugötu 16.~~
Hlíðarhúsum Halldórs hús

Til

Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður leyfi mér að sækja um styrk úr Alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur, sem úthlutað verður í haust.
Ég er 81 ára gamall, er algerlega eignalaus og hefi verið blindur um nokkur ár. Skyldmenni á ég engin á lífi, sem sjái fyrir mér, en sveitarstyrk hefi ég ekki þegið.

Reykjavík 24. sept. 1909.

Jón Jónsson
Laugaveg 18

Til borgarstjóra Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður votta það, að hús-vegaritaður Þór. Jónsson á Laugaveg 18 lýsir [illegible] [illegible] og einkum skáld-um [illegible]. Hann er háaldraður maður, eignalaus og þrotinn að heilsu og kröftum og að mínu áliti í allan stað maklegur þess, að njóta styrks úr Styrktarsjóði al-þýðufólks.

Reykjavík 27. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson.
Fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vildi eg mælast
til að eg mætti verða að
njótandi Elli stirksins þegar
honum verður út deilt eins
og að undan förnu.

Með virðingu

Grjóta nr. 10 – 22-9-1909

Kristbjörg Jónsdóttir

Til

fátækranefndarinnar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg votta innilegt þakklæti mitt fyrir styrk þann (10kr) sem mjer undanfarin ár hefir verið veittur úr Alþýðustyrktarsjóðnum, leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja um að mjer einnig þetta ár verði veittur styrkur úr nefndum sjóði.

Bergstaðastræti 12 (Brennu) í Reykjavík, 23. sept. 1909.

Auðmjúklegast.

Kristjana L. Kristjánsdóttir.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð leyfi mjer að sækja um, að hin háttvirta bæjarstjórn veiti mjer nú í haust styrk eins og í fyrra úr ál-þýðustyrktarsjóði Reykjavíkur.

Jeg er 61 ára að aldri, efnalaus og heilsveil, og þörf mín fyrir styrkinn fer altaf vaxandi.

Um ástæður mínar leyfi jeg mjer að vísa til lækinsvottorðs og prestsvottorðs, sem fylgja þessu brjefi.

Reykjavík 9. sept. 1909

virðingarfyllst

Margrjet Einarsdóttir

Grettisgötu 36.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með skal jeg leyfa mjer að votta, að Margrjet Einarsdóttir, Grettisgötu 36 hjer í Reykjavík, hefur þetta ár sinn og að undanförnu opt verið lasin svo að hún hefur ekki getað gengið til vinnu.

Reykjavík 2. sept. 1909

Þ. J. Thoroddsen
læknir.

Eg undirskrifaður votta það, að ofanritud Margret Einarsdóttir er fátæk og munaðarlaus og á mjög erfitt með sökum vanheilsu að vinna fyrir sér.

Reykjavík 6. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson
fátækrafulltrúi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vildi eg mælast til að eg mætti verða að njótandi Elli styrksins þegar honum verður út deilt eins og að undan förnu.

Með virðingu
Margrjet Einarsdóttir
Melkoti 22 september 1909

Til
fátækranefndarinnar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jafnframt og jeg votta mitt innilegt þakklæti fyrir styrk þann (10 kr., sem mjer undanfarin ár hefir verið veittur úr Alþýðustyrktarsjóðnum, leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja um að mjer einnig þetta ár verði veittur styrkur úr nefndum sjóði.

Klöpp í Reykjavík, 1. september 1909.

Auðmjúklegast.

Margrjet Erlendsdóttir.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 27. Sept. 1909.

Eftir beiðni saumakonu Mörtu Lár-
usdóttur leyfi eg mér virðingarfylst að
sækja fyrir hana um styrk af Styrktar-
sjóði alþýðufólks.

Hún er hinn sami heilsuveiki auming-
inn sem hún hefur verið síðari árin, og vænti
eg því, að henni verði úthlutað nú í ár eftir
föngum eins og að undanförnu.

Virðingarfylst.

Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjer með virðingar-
fyllst að óska þess, að hin háttvirta
bæjarstjórn Reykjavíkur vildi veita mjer,
eins og undanfarin ár, styrk úr ellistyrkt-
arsjóði handa alþýðufólki í Reykjavík.

Jeg er nú orðin 80 ára að aldri, og
þar sem heilsu minni fer alltaf smáhnign-
andi, en jeg er með öllu efnalaus, leyfi jeg
mjer að vænta þess, að mjer verði í þetta
sinn veittur svo ríflegur styrkur sem
frekast er unnt.

Í Háibæ eystri í Reykjavík, 24. sept. 1909.

Ólöf Halldórsdóttir
(handsalað)

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirrituð Ólöf Jónsdóttir dyrfist hér með að beiðast þess, að mér verði í ár veittur styrkur úr alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur.

Kringumstæður mínar eru þannig, að jeg, sem er nú fullra 70 ára gömul, er bláfátæk, uppgefin og heilsulítil til að geta unnið fyrir mér.

Jeg hefi verið vinnukona 45 ár og þaraf 30 ár í sama stað (Fróðholti í Rangárvallasýslu) og nú nærfellt 10 ár hefi jeg dvalið hér í Reykjavík.

Jeg hefi aldrei giptst og ekkert barn átt á æfi minni og á ekki heldur neynn ættingja sem getur hjálpað mér.

Jeg hefi ekki notið styrks af fátækra fé og hefi jeg hingað til getað komist af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án þess en þarfnast þess þó að fá hjálp einhverstaðar frá mér til styrktar.

Jeg vænti þess fastlega að þessi beiðni mín verði tekin til greina.

Reykjavík, Bjarnaborg 17/6 1909

með virðingu

Ólöf Jónsdóttir

(h. s.)

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

Að framanrituð Ólöf Jónsdóttir segi satt og rétt frá kringumstæðum sínum og æfiferli eptir því sem mér er kunnugt um

vottast hér með

Rvík, Bókhl. st. 11. 17. júní 1909

Sighvatur Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifuð leyfi mér að beiðast þess, að mér verði veittur hæfilegur styrkur af styrktarsjóði alþýðufólks. Af ástæðum mínum er það að segja, að eg er 82 ára gömul ekkja, heyrn lítil og heilsan lítil, ófær orðin til allrar vinnu, eins og gefur að skilja. Sonarson minn, sem eg hafði von um að yrði mér ellistoðin, misti eg í sjóinn í hitt eð fyrra á fiskiskipinu Georg. Síðan hef eg verið hjá ekkju hans, sem meira af vilja en mætti elur önn fyrir mér. Er hún sjálf bláfátæk með 3 börn fyrir innan fermingu. Viðvíkjandi heilsu skal eg leyfa mér að geta þess til skýringar á ástæðum mínum, að síðastl. vetur lá eg margar vikur á Franska spítalanum og var þar gerður á mér mikill holskurður. Má nærri geta, hve [illegible] hefir [illegible] orðið [illegible] mínum; [illegible] því hafi ráðist. Eg leyfi mér svo að fela þessa bæn mína velvild og drenglyndi hinnar heiðruðu bæjarstjórnar.

Reykjavík, Lindargötu 12, 26. Sept. 1909.

Ólöf Sigurðardóttir.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður þekki vel ekkjuna Ásu Sigurðardóttur, og veit það, að hún styrki vel frá ástvinum sínum. Tel ég hana mikið maklega þess að njóta styrks af styrktarsjóði alþýðufélags.

Reykjavík 26. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson
Fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórn Reykjavíkur
vildi gjöra svo vel að
veita mér styrk úr styrktar
sjóð alþýðu eins og hún hefir
gjört undanfarin haust.
það er mín ósk.

með virðingu

Reykjavík, Nýlg. 16. 28. ágúst 1909

Ragnhildar ~~Björnsdóttir~~

Ragnhildur Björnsdóttir

til

Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi eg mjer virðingarfyllst að óska þess að yður hátt virta fátækrastjórn mætti þóknast að veita mjer undirskrifaðri ásamt manni mínum Þórði Þórðarsyni sem er algjörlega þrotinn að heilsu og elliburðum 75 ára gamall. riflegann styrk úr styrktarsjóði þeim sem hrumu og heilsu lausu fólki er ætlaður og sem á að útbitast nú í haust, undann farið hef eg fengið 10 kr nú er maðurinn minn orðinn mjer þingri birði enn nokkurt barn, þess vegna er það von mín að þér hafið til lit til þess og hafið styrkinn 20 kr eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helmingi meiri þar við bæði
erum jafnt að honum komin,
jeg er seættug orðin og er og
hef verið heilsulaus í langa tíð,
svo orðlengi jeg ekki þetta
frekar enn óska eptir góðum
undirtektum í þessu efni

Virðingarfylst

Reykjavík 21. sept 1909

Ragnheiður Þorleifsdóttir
Eystri Hába (Vegamótum)

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jafnframt og jeg votta mitt innlegt þakklæti fyrir styrk þann (10 kr.), sem mjer undanfarin ár hefir verið veittur úr Alþýðustyrktarsjóðnum, leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að biðja þess að mjer einnig þetta ár verði veittur styrkur úr nefndum sjóði.

Gíslaholti í Reykjavík, 1. september 1909.

Auðmjúklegast.

Rannveig Jónsdóttir.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 28. sept. 1909.

Jeg undirrituð, leyfi mjer hjer með að fara fram á, að hin háttvirta bæjarstjórn veiti mjer 25 krónur úr „styrktarsjóði alþýðu".
Jeg er komin fast að sjötugu, er löngu búin að missa eiginmann minn og 7 ástrík börn sem jeg eignaðist með honum, - síðast missti jeg 22 ára dóttur, sem var aðal fyrirvinna mín. Jeg er hætt að geta unnið og hefi því ekki við annað að styðjast en það, sem guð og góðir menn rjetta að mjer. Jeg hefi aldrei þegið af sveit og yrði það min þyngsta lífsraun ef jeg ætti það eftir.

Virðingarfyllst

Rannveig Þórðardóttir
Þingholtsstræti 28
Reykjavík

Til

styrktarsjóðs alþýðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér virðingarfylst að sækja til hinnar heiðruðu bæjarstjórnar um styrk úr Alþýðustyrktarsjóðnum fyrir hönd og eftir beiðni gamalmennisins <u>Rögnvaldar Teitssonar</u> á Hóli í Kaplaskjóli.

Hann er kvæntur maður, rúmlega áttræður að aldri, og liggur rúmfastur, máttlaus öðrumegin, og hefir því ekkert getað unnið hin síðari árin, en þurft að þjóna konunni eins og barni. Hann hefir til þessa verið að þiggja af sveit, en hve lengi hann getur það, er komið undir því, hve ríflegan ellistyrk hann getur fengið úr Alþýðustyrktar-sjóðnum, því á öðru er ekki að byggja, auk þess litla, sem konan getur unnið, en hún er nú sjötug og heldur heilsulítil. Þau höfðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undanfarið dálítil efni, sem nú eru gengin til þurðar, og leggur því ekki fyrir annað en sveitina, ef enginn styrkur kemur.

Reykjavík, 18. sept. 1909

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur.

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg undirituð mjer fyrir hönd konunnar Valgerðar Magnúsdóttur á Bakka hjer í bænum að beiðast þess, að henni, eins og undanfarin ár, verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur.

Þess skal getið hjer jafnframt, að kona sú, sem hjer ræðir um, er komin hátt á áttræðisaldur og nýtur einskis annars styrks af opinberu fje.

Reykjavík 25. sept. 1909.

Virðingarfyllst.

Maria Finsen

Til
borgarstjóra Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirrituð leyfi mér hérmeð virðingarfylst að fara þess á leit, að mér verði veittur styrkur af fé því, sem úthlutað verður á yfirstandandi ári úr Alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur.

Reykjavík, Vesturgötu 51, 22. sept. 1909.

Sigríður Guðmundsdóttir.

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg undir skrifuð, að biðja hina heiðrandu, Bæarstjórn Reykjavíkur svo vel gjöra og veita mjer einhvern stikk úr Alþíðuskirkjugarðsjörði einsog að undanförnu, því jeg er einsog jeg hefi áður umgetið biluð á heilsu og komin um hálft sjötugt.

Nýlendugötu 15. 25/9 1909

Sigríður Bjarnadóttir

Til Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Enn á ný leifi ég mér virðingarfylst að snúa á náðir hinnar heiðruðu bæjarstjórnar, að veita mér ofurlítinn styrk af Alþýðustyrktarsjóði, er mun eiga að deilast á milli þeirra er verðugir teljast á þessu hausti. Ég hefi áður skýrt hinni heiðruðu bæjarstjórn frá högum mínum svo þess mun nú varla vera þörf að endurtaka það. Ég er nú komin á áttræðis aldur þrotin að mestu að heilsu og kröftum og hef þjónað í vinnuhjúastétt yfir 40 ár og vona þess fremur að ég fái eins og fyr, náðuga bæn_heyrslu.

Reykjavík 30. Ágúst 1909.

Þjóðbjörg Þórðardóttir.

Að þetta framan skrifaða sé satt og rétt vitnum við undirskrifaðir með nöfnum okkar:

Þorsteinn Tómásson.
Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með óska eg að
Bæjarstjórn Reykjavíkur
vildi veita mér styrk úr
alþýðustyrktarsjóði næsta
haust. Ástæður mínar eru
þannig: eg er 80 ára að
aldri farin að heilsu svo að
eg ~~[illegible]~~ sitt dregst í fáti
efni mín eru orðin sára
lítil því eg hefi svo mörg
ár verið heilsabiluð og orðið
að sjá fyrir mér sjálf. því
sonur minn hefir ekki verið
því vaxinn að hjálpa mér

með Virðingu.

Kaplaskjóli Nýborg 11 ágúst 1907

Steinunn Guðmundsdóttir

til
Borgarstjórans í Reykjavík

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framan ritaðar ástæður eru að öllu leiti rjettar.

Þórður Narfason
Ólafur Pjetursson
fátækrafulltrúar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að því er snertir ástæður Sigríðar Guðmundsdóttur, Vesturgötu 51, er mér vel kunnugt um, að þær hafa að engu breyst frá því, sem þær voru síðastliðið ár, er hún naut styrks úr Alþýðustyrktarsjóði; og vísast því að öllu leyti til vottorðs þess, er eg þá gaf henni; en í því er kringumstæðum hennar ítarlega lýst.

Reykjavík 22. september 1909.

Sigurður Jónsson
barnakennari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg undirrituð Sigurlaug Guðmundsdóttir læt hjer með í ljósi mitt hjartans þakklæti fyrir þann styrk sem mjer hefur verið veittur úr alþýðu styrktarsjóði Rvíkur dyrfist jeg enn á ný að beiðast þess að mjer verði í ár veittur styrkur úr téðum sjóði.

Kringumstæður mínar eru eins og verið hefur undanfarið að jeg er bæði bláfátæk og heilsu lítil og á engan ættingja að mjer til hjálpar og hefi því af mjög skornum skamti fyrir mig að leggja til lífsframdráttar en hefi þó löngum til að komast af án þess að biðja um styrk af fátækrafjé.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg vona því að þessi beiðni mín verði tekin til greina.

Jeg vil geta þess, að jeg hefi beðið fyrv. alþ.m. Sighvat Árnason að að taka á móti því sem mér kann að verða veitt á sínum tíma.

Rvík 19. júlí 1909

Virðingarfyllst
Sigurlaug Guðmundsdóttir
(Laugav. 66)

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur

Að framanrituð Sigurlaug Guðmundsdóttir segi rjett og rjett frá kringumstæðum sínum, sem mér er vel kunnugt um.
Vottast hér með

Rvík 19. júlí 1909
Sighvatur Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirrituð leyfi mér hér með virðingarfylst að fara þess á leit, að mér verði veittur styrkur af fé því, sem úthlutað verður á yfirstandandi ári úr „Alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur."

Reykjavík, Hverfisgötu 13, 28. sept. 1909.
Þorbjörg Hafliðadóttir.

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

snúið við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinsvegar greind ekkja Þorbjörg Hafliðadóttir, sem er rúmlega þáttsjötug að aldri, er með öllu efnalaus og einstæðingur, en hefir til þessa þó getað verið þó að þiggja af sveit, og því ég mæla sem best með umsókn hennar.

D. u. s.

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð leifi mjer hjer með að biðja hina háttvirtu stjórn alþýðustyrktarsjóð í Reykjavík að veita mjer styrk úr nefndum sjóði nú í ár ~~[illegible]~~ eins og 2 undanfarin ár. —

Heilsa og kringumstæður mínar eru hinar sömu og áður þegar jeg hef sótt um styrk og fengið hann.

~~Í~~ Fullu trausti um á sjá yðar er jeg með virðingu

Reykjavík 25 September 1909

Þóra Jónsdóttir
Smiðjustíg 4.

Til
borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð ekkja og lausakona hjer í bænum, Gróa Rögnvaldsdóttir, leyfi mjer hjermeð að sækja um styrk úr alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur fyrir yfirstandandi ár.

Til upplýsingar um ástæður mínar og kringumstæður leyfi jeg mjer, að skýra svo frá, að jeg er fædd 1846 í Ytrahreppi í Árnessýslu, og er þannig 63 ára að aldri, og fluttist hingað til bæjarins, eptir að jeg hafði misst mann minn, fyrir 23 árum, með 2 börnum mínum. Jeg hef síðan haft ofan af fyrir mjer og börnum mínum fyrst framan af þangað til þau stálpuðust, með vinnu minni sem húskona, og ekki haft annað að styðjast við; jeg hef eigi þegið annan styrk af sveit, en 10 kr. sjúkrastyrk fyrir 5 eða 6 árum, en þann styrk hef jeg endurgoldið og ennfremur hef jeg staðið greitt lögboðið gjald í alþýðustyrktarsjóð Reykjavíkur.

Jeg gjöri mjer þannig von um, að jeg hafi uppfyllt skilyrðin fyrir því að geta orðið styrks njótandi af nefndum sjóði, og fel þessa bænarósk mína miskunn bæjarstjórnarinnar.

Reykjavík, 11. septbr. 1909.

Virðingarfyllst

Gróa Rögnvaldsdóttir

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

Verte.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirskrifaður, sem hef skrifað hinsvegar útfylta beiðnarskrá fyrir Gróu Rögnvaldsdóttur, hef ritað hana að nokkru leyti eptir því, sem hún sjálf hefir sagt mjer frá, og sem jeg eigi hef fundið nokkra ástæðu til þess að rengja. Jeg skal geta þess, að hún hefir um 10 ára tíma þar til á útliðnu vori verið við ræstingar- eða svonefnd morgunverk í húsi mínu, og hefir hún ávallt komið fram sem ástundunarsöm og samvizkusöm persóna. Vegna aldurs og efnaleysis þarfnast hún mjög þess styrks, sem hún sækir um.

Reykjavík 11. septbr. 1909.

J. Havsteen

Fv. amtmaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirrituð leyfi mér hérmeð virðingarfyllst að fara þess á leit, að mér verði veittur styrkur af fé því, sem úthlutað verður á yfirstandandi ári úr Alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkur.

Reykjavík, Grjótagötu 9, 22. sept. 1909.

Elín Magnúsdóttir.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20. Sept. 1909.

Jeg undirskrifuð treysti hinni heiðruðu bæjarstjórn til, að láta mig hafa ellistyrk eins og undanfarinn ár.

Virðingarfyllst.

Friðrikka Friðfinnsdóttir

Laugaveg 27. B.

Til

Bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 15. sept. 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að bæjarstjórnin veiti mjer ellistyrk er honum verður úthlutað næst.

Ástæður mínar eru þannig:

Jeg er 72. ára. Hef verið vinnuhjú frá 16 ára aldri. Í síðustu 12 árin hef jeg verið handlama á hægri hendi svo jeg get nálega engin not hennar haft við vinnu. Jeg verð því alófær til þess að vinna fyrir mjer ef jeg ekki nyti þess að, enn sem komið er, er jeg hjá gamalli húsmóður minni. Jeg hef aldrei þegið sveitarstyrk, en tel ólíklegt að jeg komist af án hans til lengframa nema ef ellistyrkur minn yrði svo ríflegur að mjer yrði hann góður ljettir.

Að öðru leyti vísa jeg til meðfylgjandi ummæla.

Virðingarfyllst.

Gróa Björnsdóttir

Bröttugötu 6.

(handsalað).

snú við

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinsvegar tilgreind rök fyrir umsókn um ellistyrk úr Alþýðustyrktarsjóðnum eru að minni vitund rétt í alla staði, og mæli eg sem best með framanritaðri beiðni

Reykjavík, 16. sept. 1909
Jóhann Þorkelsson
dómkirkjuprestur.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það vottast hérmeð eftir nákvæmri þekkingu, að ástæður Elínar Magnúsdóttur í Grjótagötu 9 hér í bænum eru alltr hinar sömu sem undanfarin ár, er hún hefir notið styrks úr Alþýðustyrktarsjóði, og vísast því að öllu leyti til vottorðs þess, er eg gaf henni í fyrra, þar sem kringumstæðum hennar er ítarlega lýst.

Reykjavík 22. september 1909.

Sigurður Jónsson
barnakennari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér virðingarfyllst að sækja
um styrk úr alþýðustyrktarsjóðnum fyrir
hönd gamalmennisins Guðleifar Pálsdóttur
í Litlabæ á Grímsstaðaholti hér í bænum.
Hún var fjölda mörg ár í vist á Kjalarnesi og
er nú þrotin að heilsu og kröftum, enda á áttræðis-
aldri, og er nú á vegum Halldórs bónda Jónssonar
á Grímsstaðaholti, og hefir notið sveitarstyrk til
þessa. Hún mun í fyrra hafa fengið dálítinn
styrk hér úr alþýðustyrktarsjóðnum.

Reykjavík, 31. ágúst 1909
Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur.

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð, sem er 63 ára gömul, fædd og uppalin í Engey, en hefi síðan jeg var 14 ára alltaf átt heima í Reykjavík, lengst af sem vinnukona og síðan í mörg ár sem lausakona, en fyrir nærfellt 8 árum varð jeg fyrir svo miklu slysi og beinbroti að jeg síðan er svo höll og biluð að jeg enga áreynsluvinnu get gjört á ferilsfóti, en er blátæk og er einstæðingur sem engan á að, og hefi ekkert annað viðað styðjast mjer til lífs-framfæris en það litla, sem jeg get unnið í almennri handa-vinnu innanhúss. Samt hefi jeg með mestu sparneytni baslast við hingaðtil að komast hjá að biðja um og þiggja sveitarstyrk, og hjá því vildi jeg fegin – ef unnt væri, geta komizt hjá í lengstu lög. Í hittið-fyrra sótti jeg til hinnar háttvirtu bæjarstjórnar um styrk af Alþýðustyrktarsjóðnum, og voru mjer þá veittar úr honum 10 kr, sem jeg hjer með votta mitt innilegt þakklæti fyrir. En í fyrra fórst það fyrir að jeg sækti um styrk úr þessum sjóði, og það ár fjekk jeg því, eins og eðlilegt var, ekki neitt. Nú leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að æskja þess og biðja að mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta ár verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktar-
sjóðnum, því til þess hef jeg sökum fátæktar minnar og
heilsubilunar hina brýnustu þörf.

Vesturgötu 31 í Reykjavík, 10. september 1909.

Auðmjúklegast.

Guðríður Ingjaldsdóttir.

að Guðríður Ingjaldsdóttir sje
mjög fátæk og bilud á heilsu og þurfi
hjálparvid vottast hjer med

Bjarni Jónsson snikkari Laugaveg 3
30 A.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik Laugaveg 55. 24 agust 1909.

Hjer með leifi jeg mjer virðingarfyllst, að fara þess á leit við hina heiðruðu stjórn Styrktarsjóðs Alþíðu, að mjer sje veittur styrkur úr nefndum sjóði þetta ár, eins og að undanförnu.

Virðingarfyllst

Guðrún Gisladóttir

Til Stjórnar Styrktarsjóðs alþíðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður leyfi mér hér með virðingarfylst að sækja um styrk úr "Alþýðustyrktarsjóði" til handa og fyrir hönd Guðrúnar Guðmundsdóttur á Vesturgötu 26.

Guðrún er nú 74 ára gömul. Hún hefir átt heima í Reykjavík full 46 ár, fyrst vinnukona hjá Jóni sál. Þórðarsyni í Hlíðarhúsum svo hjá Ámunda Ámundasyni tengdasyni hans og loks nú um nokkur ár, sem eigin maður. Alls hefur hún verið í vinnumensku hér í bænum 23 ár.

Guðrún er nú algerlega þrotin að heilsu, á ekkert skyldmenni hér né vandamann, sem hún geti flúið til og horfir því framá það með kvíðu, að verða þurfalingur bæjarins.

Auk elli og þreytulasleika, fékk hún fyrir nær 2 árum snert af máttleysis slagi (apoplexsi) sem gerði hana algerlega ófæra til allrar vinnu, má ekki eða getur ekki svo mikið sem prjónað sokk eða vetling.

Ég leyfi mér því að mælast sem innilegast með því, að Guðrúnu verði veittur sá styrkur úr Alþýðustyrktarsjóði, sem föng frekast leyfa. Skilyrði og verðulleika hygg eg hana hafa flestum framar og brýna þörf.

Virðingarfylst,

Reykjavík 30. sept. 1909. Borgþór Jósefsson

Til
Borgarstjóra Reykjavíkur.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að beiðast styrks af Alþýðustyrktarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar þ. á.

Jeg skal geta þess, að jeg er 72 ára að aldri, og var frá því, að jeg fór að geta unnið fyrir mjer, í vinnumennsku lengi framan af, en síðan í lausamennsku.

Af þeim litlu eigum, sem jeg á, get jeg með mjer, en þær eigur þrjóta innan skamms.

Frá því farið var að úthluta styrk úr al-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þýðurtunktansjóðunum
hef jeg notið styrks af þeim,
nema tán, sem jeg gatti
ekki að að selja um stunk-
inn í tíma. Fyrst naut
jeg styrks af Alþýðurstunkt-
ansjóði Reykjavíkur, en
síðan fluttist jeg til Viðegg-
ar og naut, meðan jeg
var þar, styrks af Alþýðu-
styrktansjóði Seltjarnarnar-
neshrepps.

Reykjavík, Ingólfshvoli,
10. sept. 1909.

Virðingarfyllst,
Friðrika Jóhannesdóttir.

Til
bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með votta jeg, að mjer er kunnugt um, að það er rjett hermt, sem tekið er fram í framanskrifaðri umsókn.

Reykjavík 10. sept. 1909.

Þorleifur Jónsson,
póstafgreiðslumaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingar-fyllst að fara þess á leit að mjer verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóði eins hár og frekast er hægt. Jeg hef verið í vist frá 15–43 ára alders, en í sumar misti jeg heilsuna og varð að leggjast á spítala; varð jeg þá að taka lán til að standast þann kostn-að með því að jeg ekki vildi þiggja af sveit, og mun jeg hlífast við því meðan jeg mögulega get. Það eru því mjög bágar kringumstæður mínar nú.

Reykjavík 17. sept. '09.

Steinunn Guðmundsd.
Grettisgötu 56.

Til

Borgarstjórans
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg votta mitt innilegt þakklæti fyrir styrk þann (10 kr. sem mjer í fyrra var veittur úr alþýðustyrktarsjóðnum, leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að biðja þess, að mjer einnig þetta ár verði veittur styrkur úr nefndum sjóði.

Hverfisgötu í Reykjavík, 25. ágúst 1909.

Auðmjúklegast.

Halldóra Magnúsdóttir.

---

Hjer með vottast að ofanrituð Halldóra Magnúsdóttir er bláfátæk og heilsulítil.

Klapparstíg 7, í Reykjavík 25/8 - '09.

Ólafur Þórðarson

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg undirrituð
læt hér með í ljósi innilegt
þakklæti mitt fyrir þann
styrk sem mér var veittur næstl.
ár úr alþýðustyrktarsjóði
Reykjavíkur dyrfist jeg á ný
að beiðast þess að hin háttv.
Bæjarstjórn vildi veita mér
í ár styrk úr téðum sjóði.

Kringumstæður mínar
eru þannig, að jeg er bláfátæk,
lúin og heilsulítil og búin að vera
einstæðings ekkja hér í Rvík
í 16 ár og hefi af sjálfs míns ram-
leik alið önn fyrir dóttir minni
sem var barn að aldri þegar
jeg misti manninn minn, en
sem nú er að komast uppá það
að bjarga sjálfri sér. Jeg [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engan styrk annarstaðar frá en legg hug á að komast af án þess að biðja um styrk af fátækra fé. Jeg vona því að þessi beiðni mín verði tekin til greina.

Reykjavík, Bjarnaborg 3. ágúst 1909.

með virðingu
Guðrún Sæmundsdóttir
(h. s.)

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

Að framanrituð ekkja Guðrún Sæmundsdóttir, sem er ættuð úr Rangárvallasýslu, segi satt og rétt frá kringumstæðum sínum vottast hér með.

Rvík, Bókhl.st. 11. 3. ágúst '09
Sighvatur Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirrituð leyfi mér hérmeð að beiðast þess, að mér verði veittur styrkur einsog að undanförnu af styrktarsjóði Alþýðufólks. Eg er 73 ára gömul, eignalaus og uppgefin, með heilsan svo að bila til mikillar muna. Eg er hjá Gamalíeli húsmanni mínum, sem [illegible] er hættur að hætta og [illegible]. Á eg ekkert fyrir mig að leggja, og er því að öllu leyti uppá mann minn komin. Eg hef alla æfi mína verið vinnukona, en aldrei hef eg þegið af sveit. —

Reykjavík, Mjóstræti 2, 27. Sept. 1909.

Guðrún Sigurðardóttir.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður hefi í fjölda mörg ár þekt Guðrúnu Sigurðardóttur og veit eg það, að hún skyldi [illegible] [illegible] öðrum. Hún er að mínu viti í allan stað makleg þess, að fá styrk úr styrktarsjóði [illegible]

Reykjavík 27. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson

Fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifuð hjón, jeg Guðmundur Þorgilsson, sem er á 67. ári, — og jeg Oddrún Magnúsdóttir, á 70. aldursári, sem höfum átt heima hjer í bænum yfir 30 ár, erum bláfátæk, og svo þrotin að heilsu og kröptum að við enga áreynzluvinnu getum gjört, nje fyllilega unnið fyrir lífsframfæri okkar, — þó við hingaðtil eigi höfum beðið um nje þáð sveitarstyrk —, og höfum ekkert annað við að styðjast en það, sem sonur okkar Sigurður Guðmundsson, — sem er eignalaus tómthúsmaður á Bergstaða-stræti 8 — getur af fátækt sinni látið okkur í tje.

Við leyfum okkur því hjer með auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að okkur verði þetta ár veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóði.

Við látum hjer fylgja vottorð um okkur og meðmæli frá herra úrsmið Eyjólfi Þorkelssyni og herra gullsmið Ólafi Sveinssyni í Reykjavík.

Bergstaðastræti 8 í Reykjavík, 21. september 1909.

Auðmjúklegast.

Guðmundur Þorgilsson. Oddrún Magnúsdóttir.

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með línum þessum óska jeg að Bæjarstjórn Reykjavíkur vildi veita mjer styrk úr alþýðustyrktarsjóðnum næstkomandi haust.

Ástæður mínar eru þannig að eg er einhleip og hefi einegan til að styrkja eða hjálpa mjer er nú 69 ára hefi verið hjer í bæ í síðastliðin full 30 ár en er orðin lúin og farin að kröftum til að vinna nokkra vinnu er sje verulegt gagn að fyrir mig til að gjeta lifað af.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 20 ágúst 1909

Nýlendug 17. Guðrún Halldórsdóttir

til Borgarstjórans

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gudmundur Þorgilsson, og kona hans sem bædi sækja um styrk úr alþýdu-styrktarsjódi: eru fátæk, og geta ekki unnid fyrir sjer. sökum heilsuleysis, þá leyfum vid okkur undirskrifadir ad mæla med oefndum hjónum sem verdugum fyrir styrk, þar vid höfum fleiri ára kynni af þeim sem vöndudum og rádvöndum.

Reykjavik 21 sept 1909

E Þorkelsson
úrsmidur

Ólafur Sveinsson
gullsmidur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirrituð leyfi mér hér með að sækja um styrk úr alþýðustyrktarsjóði; sbr. auglýsingu í Ísafold 15. þ.m.

Á högum mínum stendur svo, að eg er 86 ára að aldri og er nú orðin mjög lasburða. Eg hefi dvalizt hér í Reykjavík hjá syni mínum fátækum nú í 6 ár, en áður var eg í Skaftafells- og Rangárvallasýslum bæði við búskap og í vinnumennsku. Allan minn aldur hefi eg komizt svo af, að eg hefi ekki þegið sveitarstyrk og þigg ekki enn.

Reykjavík, Hverfisgötu 31, 18. septbr. 1909

Guðný Bjarnadóttir

Ég undirritaður Lárus Pálsson praktíserandi læknir í Reykjavík, sem hefi þekt Guðnýju Bjarnadóttur alla mína æfi, votta hér með, að framanrituð skýrsla er rétt í öllum greinum.

Reykjavík, 18. septbr. 1909.

L. Pálsson

Til borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirskrifuð leyfir sjer hjermeð virðingarfyllst, að sækja um, til hinnar heiðruðu Bæjarstjórnar, að sjer verði veittur styrkur af Alþýðustyrktarsjóði, er úthlutast á, á þessu hausti.

Jeg er 60 ára gömul, hefi verið í vinnukonustöðu um 30 ár, hefi í fleiri ár styrkt ellihruma og heilsubilaða móður af kaupi mínu og sjálf orðin mjög heilsubiluð og lítt fær til nokkurar vinnu; vona jeg því, að hin heiðraða nefnd líti náðarsamlega á þessa beiðni mína, þó jeg af ókunnugleika hafi orðið of sein að skrifa hana.

Með virðingu

Laugaveg 22 Reykjavík 12. Okt. 1909.

Guðrún Gunnarsdóttir

að ofanskrifað sje rjett og satt sem [illegible] og 22 Beiðandi hefur frágreint vottar undirskrifaður

Ólafur Ólafsson

Ólafur Bjarnason

Til Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirrituð ekkja, sem nú er komin nokkuð á áttræðis-aldur, leyfir sér hér með að sækja um styrk af „Styrktarsjóði fyrir alþýðufólk".

Ástæður mínar eru ~~[illegible]~~ slæmar, bæði hvað snertir stöðugt heilsuleysi og annað.

Ég vona því, að hin háttvirta nefnd veiti mér nokkurn styrk af sjóði þessum.

Reykjavík, 23. ág. 1909.

Guðríður Guðmundsdóttir,

Laugaveg 54.

Umsókn þessari gefum vér hin bestu meðmæli vor.

Reykjavík 23. ág. 1909.

Jón Sigurðsson

járnsmiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer undirrituð að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að veita mjer styrk af fje því, er hún hefir til útbýtingar þetta ár af styrktarsjóð alþýðufólks.

Jeg er 72 ára gömul (f. 1837), hefi enga aðstoð hef ætíð verið í vist (verið vinnukona) og aldrei þegið styrk af sveit; jeg er mjög orðin heilsutæp og hefi slæma sjón, sem fer versnandi. Jeg er efnalaus og þess vegna kemst jeg eigi af hjálparlaust. Vonast jeg til að hin háttvirta fátækranefnd taki þessa beiðni mína til greina og veiti mjer hinn umbeðna styrk.

Reykjavík 14. ágúst 1909.

Laugaveg næst fyrir austan húsið Hraunbæ

Guðrún Gunnarsdóttir
handsalað

Að afrituð ummæli Guðrúnar Gunnarsdóttur sjeu í alla staði sönn og rjett votta jeg hjer með

Reykjavík 14. ágúst 1909

Guðm. Helgason frá Blesastöðum

[illegible]

Til fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirrituð leyfi mjer auðmjuklega hjer með að fara þess á leit að mjer þetta ár verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóðnum.

Jeg á 68. aldursári, fædd á Jörfa í Haukadal í Dalasýslu. Þegar jeg var 25 ára gömul giptist jeg manni sem hjet Sigurður Valdason, en eptir rúm 3 ár veiktist hann og dó úr lungnabólgu á gamla spítalanum í Reykjavík. Við áttum tvö börn, pilt og stúlku, sem bæði eru nú fullorðin, en þau eru bæði svo fátæk og í svo örðugum heimilisástæðum, að þau geta engan styrk veitt mjer, þó þau fegin vildu.

Jeg hefi í síðastliðin 15-16 ár átt heima hjer í Reykjavík, sem lausakona, samkvæmt lausamennskuleyfi frá bæjarfógeta, og hefi þann tíma allt til þessa barlað fyrir lífi mínu með almennri erviðisvinnu. En nú er jeg orðin svo þrotin að kröptum og biluð að heilsu, að jeg eigi get unnið neina áreynsluvinnu, og sjón mín er einnig farin mjög að daprast, svo jeg á mjög örðugt með að geta komizt af án þess að biðja um sveitarstyrk, en hjá því vildi jeg, ef auðið væri, geta komist hjá í lengstu lög, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess vegna er það að jeg auðmjúklega nú fer þess á leit að mjer verði veittur styrkur úr Alþýðu-styrktarsjóðnum.

Hverfisgötu 40 í Reykjavík, 1. september 1909.

Auðmjúklegast.

Guðrún Hákonardóttir.

---

Að ofanrituð Guðrún Hákonardóttir hafi í framanrituðu brjefi skýrt rjett frá ástæðum sínum, og að hún sje bláfátæk, uppgefin, og hafi þörf á að fá styrk úr alþýðustyrktarsjóðum, vottum við hjer með.

Reykjavík, 2. september 1909.

Pjetur Bjarnason.

Kristinn Guðmundsson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil eg virðingarfyllst beiðast þess að mjer mætti veytast styrkur af Alþyðustyrktarsjóði þegar honum verður úthlutað þettað ár. Jeg skal gefa þær upplýsingar að eg hef alla æfi verið vinnukona, En fyrir Langvarandi veikindi og þúngar Legur er eg nú Ekki fær um að vera í vinnukonustöðu leingur. En lángar til að hafa ofanaf fyrir mjer svo leingi mjer er mögulegt. Eg hef aungvan styrk frá neyrri siðu og hef Ekki haft. Eg er orðin nærri 60 ára Fædd 13 Desember 1849 og hef verið hjer í Reykjavik 17 ár og altaf goldið í Alþyðustyrktarsjóðs gjald siðan það komst á frekar get eg Ekki haft beiðni minni til studnings utan vottorð frá manni sem vel er kunnugur högum minum og mörg gæti eg fleyri feingið ef þyrfti

Virðingarfyllst

Laugaveg 26 — 26 apríl 1909

Guðríður Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með votta eg að Guðríður Jónsdóttir
er bláfátæk og álít að hún hafi þörf fyrir
styrk, ef hún ætti kost á því frá einhverri
síðu, og þó fyr hefði verið, þar hún er að bera
sig að verjast sveitarstyrkr í leingstu lög

Laugaveg 26 23 Agúst 1909

Sigurður Erlindsson

handsalað
þsf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirituð leyfi mér hérmeð að biðja yður, að mér verði veittur styrkur af styrktarsjóði alþýðufólks. Ég er 78 ára gömul, uppgefin og heilsulaus. Er ég fyrir löngu orðin ófær til að vinna fyrir mér, en er hjá dóttur minni, sem gift er fátæk og hlaðin börnum. Af sveit hefi ég aldrei þegið.

Reykjavík, Skólavörðustíg 6 B, 29. Sept. 1909.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrúnu Ögmundsdóttur hef eg lengi þekt og er mér kunnugt um, að hagur hennar og kringumstæður eru eins og hún lýsir þeim.

Reykjavík 29. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson
fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð ekkja, sem er 77 ára gömul, fædd og uppalin í Engey, en fór þaðan til hingað til Reykjavíkur og ávallt síðan átt hjer heima í samfleytt 64 ár. Fyrir rúmum 30 árum missti jeg mann skósmið Bjarna sál. Jónsson; hefi jeg síðan haldið mjer hjer uppi með almenni handavinnu, en er bláfátæk, og nú orðin svo ellihrum og þrotin að heilsu og kröptum, að jeg mjög lítið get unnið, en hefi þó hingaðtil basblast við að komast hjá að biðja um og þiggja sveitarstyrk. Nú leyfi jeg mjer með auðmjúklegast að biðja þess að mjer þetta ár verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóði.

Kárastíg 2 í Reykjavík, 28. september 1909.

Auðmjúklegast.

Hólmfríður Magnúsdóttir.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

---

Við undirskrifaðir, sem þekkjum vel ofanritaða ekkju Hólmfríði Magnúsdóttur, vottum hjer með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hún er bláfátæk, ellihrum og getur lítið unnið fyrir lífsframfæri sínu, og hefir því brýna þörf á að fá styrk úr Alþýðustyrktarsjóðnum, og leyfum við okkur að mæla með því að henni verði hann veittur svo framarlega, sem föng eru á.

Reykjavík, 28. september 1909.

S. Runólfsson
(úrsmiður)

Jón Þórðarson
(Kaupm.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi eg mjer undirskrifaður að
sækja um styrk úr Alþýðustyrktarsjóðnum
. Eg er 73 ára gamall hefi dvalið 45 ár hjer í
Reykjavík, en er nú orðinn með öllu efnalaus,
og farinn að heilsu, og vænti því fastlega að mjer
verði veittur styrkur þessi.

Reykjavík 22/9 1909

Jón Illugason

Til
Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir því, sem kringum-
stæður Kristínar Jónsdóttur eru
mér kunnar, álít eg hana mjög
þurfandi fyrir styrk einhverstaðar
frá, ef kostur væri. Hún er bláfátæk
og fer fyrir sá skuld á mis við
margt, sem hún þarf til lífsfram-
dráttar.

Jón Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með Leyfi eg mjer virðingarfyllst að beiðast þess að mjer mætti veytast Styrkur úr Alþýðustyrktar sjóði þegar honum verður úthlutað þettað ár, upplysingar eru sem eg get gefið þær að eg er búin að vera hjer 9 ár í Reykjavik að draga fram lífið ein míns liðs þó opt með veikum kröptum án styrks frá neynni síðu altaf goldið í Alþýðustyrktar sjóð, síðan eg kom hjer í plásið opt verið veik og legið þúngar legur, er því Ekki von að eg hafi getað haft næga aðdrætti til Lífsviðurhalds, því kraptar eru litlir til að vinna nema Eittkvað smá vegis, Eg bið Sóknarprest minn að gefa skíringar til styrktar bón minni og svo vottorð sem eg fæ hjá þeim sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þekkja vel hagi mína og vita að
þörf mín er fyrir styrk, ef eg ætti
kost á að fá hann frá einhverri síðu.
Eg vona alt góðs í þessu efni.

Virðingarfyllst

Laugaveg 57 – 23 Ágúst 1909
Kristín Jónsdóttir

Eg undirskrifaður votta það, að
Kristín Jónsdóttir er bláfátæk og hefir
sára þörf fyrir styrk, ef nokkur er.
Gef eg henni mín beztu meðmæli.

Reykjavík 26. Ág. '09.
Ólafur Ólafsson.
fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifuð leyfi mér virðingarfyllst að beiðast þess, að mér verði nú í haust veittur hæfilegur styrkur úr styrktarsjóði alþýðufólks. Af ástæðum mínum er það að segja, að ég er 67 ára gömul, lúin og heilsulaus og bláfátæk. Hef ég í meira en 20 ár unnið ein að basla fyrir að koma börnum mínum upp. Af þeim eru 2 synir dánir á fullorðinsaldri, og hin önnur sjálfum sér ráðandi. Tveir synir mínir eru að reyna að rétta mér hjálparhönd, þrátt fyrir fátækt sína. En sú hjálp er ekki fullnægjandi mér til framfærslu. Unnið get ég ekki, því ég er farin að sjón, og eignir á ég engar. Elli og fátækt knýja mig til að beiðast þessa styrks, og leyfi ég mér að vænta þess, að tillit verði með sanngirni á hinar bágbornu kringumstæður mínar.

Reykjavík, Grettisgötu 50, hinn 15. Sept. 1909.

Kristín Guðmundsdóttir.

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það vottar eg undirskrifaður, að ekkjan Kristín Guðmunds-
dóttir þyrfti sæti og vitt frá tekjum sínum. Hún er blásfátæk,
útslitin og þar að auki almennt bogin. getur hún með engu
móti unnið fyrir sér. Synir hennar tveir veita henni ein-
hvern lítinn styrk, meira af vilja en mætti. Annað hefir
hún ekki sér til framfæris.

Reykjavík 15. Sept. 1909.

Rafn Ólafsson
Fátækrafulltrúi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð leyfi mjer hjer með auðmjúklegast að æskja þess að mjer þetta ár verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóðnum.

Jeg er því nær hálfáttræð að aldri, fædd og uppalin í Njarðvíkum í Gullbringusýslu og hefi alla æfi átt þar heima, þangað til jeg fyrir 11-12 árum fluttist hingað til Reykjavíkur. Frá því jeg komst upp og þangað til jeg var 25 ára gömul var jeg vinnukona, en þá giptist jeg og bjó með manni mínum í Njarðvíkum þangað til hann dó, eptir hjer um bil 25 ára hjónaband okkar. Við áttum 2 börn, son og dóttur. Sonur minn sem var skipstjóri, og var giptur húsfrú Arndísi Þorsteinsdóttir í Lindargötu í Reykjavík, drukknaði í fyrra; en dóttir mín, sem var gipt, missti mann sinn í hittiðfyrra eptir 4 ára hjónaband; hefir hún síðan hún varð ekkja haft 1 barn þeirra hjóna, sem nú er 2½ árs, fram að færa, en er bláfátæk og á engin efni. Jeg er hjá þessari dóttur minni, og við erum báðar munaðarlausar og eigum engan að, en höfum þó hingaðtil verið að basla st fyrir því að geta komist hjá að biðja um sveitarstyrk, og þess vegna er það að jeg leyfi mjer biðja þess og vænta, að mjer verði veittur hinn umbeðni styrkur af Alþýðustyrktarsjóðnum, eptir því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem föng eru á, því þörf mín til þess er sannarlega brýn.

Bergstaðastræti í Reykjavík, 3. september 1909.

Auðmjúklegast.

Margrjet Jónsdóttir.

---

Að ekkjan Margrjet Jónsdóttir hafi í framanskráðu brjefi skýrt rjett frá ástæðum sínum, og að hún sje rjettlítrum og bláfátæk, og hafi brýna þörf á að fá styrk úr alþýðustyrktarsjóðnum, vottum við hjer með.

Reykjavík, 3. september 1909.

Guðmundur Pálsson.
Gísli Halldórsson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með Leyfi eg mjer Vyrðingarfyllst að fara þess á Leyt hvort Ekki væri mögulegt að mjer mætti veitast styrkur af Alþýðustyrktarsjóði þettað ár ~

Upplýsingar eru þær sem eg get gefið Eg er 68 ára hef alla æfi verið vinnukona hjá öðrum utan 3 ár í sjálfsmensku og 2 ár hjer í Reykjavík til Lækninga og til þessa verið að hafa ofanaf fyrir mjer án styrks af Fátækrasjóði Eða frá nokkurri síðu annari, sem mjer fynst og margir hafa sagt að mjer bæri. og um fátækt mína og þörf fyrir styrk Ef eg ætti kost á fá hann frá Einhverri síðu, vísa eg til vottorðs þess sem eg fæ hjá þeim manni sem er mjer vel kunnugur frá fyrstu tíð

Eg er fædd 28 Novbr 1841 ~

núverandi

Laugaveg 26 – 3 November 1907

Vyrðingarfyllst

Maria Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að í með fylgjandi brjefi
er að öllu leiti rjett frá sagt
vottast hjer með
Reykjavík 3 Nofimber 1909
Guðmundur Hannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirrituð leyfir sér hérmeð virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar, að hún veiti mér styrk úr alþýðustyrktarsjóði.

Ég hefi síðan ég var á unga aldri (um tvítugt) verið heilsulaus og eðlilega því ekki fær um að gefa mig í þá vinnu, er gæti á nokkurn hátt fullnægt þeim litlu kröfum, sem ég get gert mig ánægða með.

Þess skal getið, að ég hefi aldrei notið neins sveitarstyrks.

Þessari umsókn minni fylgja vottorð frá Páli Árnasyni lögregluþjóni og Jóni Árnasyni prentara.

Reykjavík, 30. sept. 1909.

Aðalbjörg Guðlaugsdóttir

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að skýrsla Oddbjargar Guðlaugsdóttur um ástæður hennar og efnahag, er hún hefir gefið í umsóknarskjali um styrk úr alþýðustyrktarsjóði, dags. í dag, er í öllum atriðum rétt, það vottast hérmeð.

Reykjavík, 30. sept. 1909.

Páll Árnason.

Jón Árnason

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg undirskrifaður mér að sækja um styrk úr „Alþýðustyrktarsjóðnum“ til handa ekkjunni Salvöru Ögmundsdóttir, nú á Njálsgötu 51B hér í bænum. – Hún er fullra 65 ára að aldri, og fullnægir að öllu leyti þeim skilyrðum, sem gjörð er ráð fyrir samkvæmt lögum, til styrkveitingar úr áðurnefndum sjóði

Reykjavík 10. Sept. 1909

Gísli Sæmundsson Njálsgötu 51B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafur Ólafsson

fríkirkjuprestur.

Reykjavik 13. Sept. 1909.

Ég hefi í mörg ár þekkt ekkjuna Salvöru Ögmundsdóttur, þegar hún átti heimili í Ölfusinu öll þau ár, sem ég var þar prestur. Get ég vottað það, að hún er heiðvirð að hegðun og háttum, og blá-fátæk. Sömuleiðis er mér kunnugt um það, að í Ölfusinu naut hún árlega styrks af styrktarsjóði alþýðufólks. Var hún ein af þeim, sem þann styrk fékk allra fyrst, og hélt honum jafnan síðan. Hún á að vísu uppkomin börn, en þau eru öll fátæk, sum þeirra meira að segja að nokkru leyti á fátækra framfæri.

Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að mjer verði veittur styrkur úr styrktarsjóði alþýðumanna. Jeg er nú nær 68 ára að aldri, og alveg þrotin að heilsu. Efni eru ekki og hafa aldrei verið nein, og hefi jeg því sára þörf fyrir, að geta orðið aðnjótandi einhvers ofurlítils styrks.

Virðingarfyllst

Reykjavík 21/9 – 09

Sigríður Pálsdottir
(ekkja)

Til
borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirrituð, sem er 68 ára að aldri, leyfi mér hér með að sækja styrk úr „Styrktarsjóði fyrir alþýðufólk".

Þar sem eg er algjörlega þrotin að heilsu og ekki vinnufær, vænti eg að hin háttvirta nefnd verði við þessari beiðni minni.

Reykjavík, 28. sept. 1909.

Virðingarfyllst

Sigríður Jónsdóttir

Laugaveg 12

Vér undirritaðir gefum þessari styrkbeiðni bestu meðmæli vor, og vottum að lýsing umsækjanda á heilsufari hennar er rjett. Rvík 29. sept. 1909.

Halldór Daníelsson. Ásgeir Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með Leyfi eg mjer virðingar-
fyllst að beiðast þess að mjer mætti
veitast styrkur úr Alþýðustyrktar-
sjóði þegar honum verður útdeilt þetta
ár. Eg hefi alla æfi mína verið í Vinnu
konustjett aldrei þegið Einn Eyrir af
fátækrasjóði. Eg hefi verið hjer í 12 ár
Fædd 14 Desember 1843 alt svo bráðum
66 ára. og fyrir Elli og Lúa sakir er
Ekki fær fyrir vinnukonustöðu leingur
og er að bera mig að hafa fyrir lífi
mínu svo leingi sem mjer er mögulegt
án þess að þurfa að kvarta við Fátækra
stjórn og hef ainngvan styrk frá annari
síðu. og bið mjer velkunnugan mann að
gefa mjer vottorð um þörf mína sem
eg lat fylgja hjer með

Virðingarfyllst

Grettisgötu 47 6 September 1909

Sigríður Þorkjelsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð leifi mjer hjermeð að biðja hina heiðruðu Bæarstjórn Reykjavíkur svo vel gjöra og veita mjer styrk úr Alþíðustirktarsjóði þetta ár. Jeg hefi alist upp á Minna Núpi í hrepp og var þar þanga til nú fyrir 15 árum að jeg kom til Reykja víkur jeg hefi verið þjónandi hjá öðrum og aldrei þegið sveitar stirk nú síðustu 6 ar hefi jeg verið hjá Halldóri Olafssyni snikkar hjer í bæ og hefir hann haldið mig sem vinnu konu, en get búist við að jeg geti ekki unnið mjer brauð hvað líður því jeg hefi verið heilsu litil nú í seinni tíð, jeg er orðin 67 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ekki sótt um nefndan skirk
áður en vonast til að mjer verði
gjörð enhver úrlausn.

Nýlendugötu 19. 24/9 1909

Þóra Jónsdóttir

Til Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir vottum að framburður Þóru Jónsdóttir er rjettur

Halldór M. Ólafsson

handsalað Þorstein Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigríður þessi Þorkelsdóttir
sem hjer óskar styrks af
alþíðu styrktar sjóði er mjer
vel kunnugt um að ber hjer
aleig rjett fram allar sínar
ástæður jeg hef þekt hana
frá því fyrsta því ejer
henni norstum jafn gamall
jeg gjet því borið það að
hennar kríngum stæður eru
mjög erviðar

Bræðra borgar stíg 31 Rvík
6/9. 09

Guðmundur Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður leyfi mér að biðast þess, að mér verði veittur styrkur af styrktarsjóði alþýðu-fólks. Eg er 83 ára gamall, hef verið alblindur í 9 ár og ekkert getað unnið í full 14 ár. Eigur á eg engar og er eg og kona mín, sem er 78 ára gömul, á vegum barna minna; en þau eru öll fátæk og gjöra fyrir okkur meira af vilja en mætti.

Eg skal taka það fram, að eg hef áður fengið slíkan styrk austur í Ölfusi, þá þar var eg á meðgjöf frá einu barni mínu.

Reykjavík, Laugaveg 54, 29. Sept. 1909.

Sigurður Gissurarson.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður hefi þekt Sigurð Gissursson hér milli 10 og 20 ár og veit og það, að hann skýrir satt frá högum sínum og kringumstæðum. Er það skoðun mín, að hann sé verðugur þess, að geta fengið styrk úr styrktarsjóði alþýðufólks.

Reykjavík 29. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson
Fríkirkjuprestur.

Jeg undirskrifaður er fæddur að Tjarnakoti í Austur-Landeyjum í Rangarvallasýslu 31. desember 1837; er jeg því nú nærfellt 72 ára gamall. Ólst jeg upp í Landeyjum þangað til jeg var 22 ára, en þá fór jeg til Fljótshlíðar, og var þar fyrst vinnumaður og síðan bóndi þangað til jeg fluttist til Reykjavíkur fyrir rúmum 6 árum, og hefi jeg ásamt konu minni verið hjer síðan. Nú er jeg orðinn svo ellihrumur og þrotinn að kröptum og heilsu, að jeg mjög lítið get unnið, og er bláfátækur, og á því mjög örðugt með að hafa ofanaf fyrir mjer og konu minni, þó jeg enn hafi komizt hjá að biðja um eða þiggja sveitarstyrk. Jeg leyfi mjer þess vegna hjer með auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn, að mjer þetta ár verði veittur styrkur úr Alþýðustyrktarsjóði.

Laugavegi 27 B í Reykjavík, 27. september 1909.

Auðmjúklegast.

Sigurður Ólafsson.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér undirskrifuðum er kunnugt um það, að Sigurður Ólafsson skýrir rétt frá kringumstæðum sínum. Hann er ófær orðinn til vinnu fyrir elli sakir og vanheilsu, og efni hans eru engin orðin. Álít eg hann verðugan þess, að fá styrk úr styrktarsjóði alþýðufólks, ef unnt er.

Reykjavík 28. Apl. '07.

Ólafur Ólafsson
fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að sækja um ellistyrk úr Alþýðustyrktarsjóðnum fyrir þetta ár.

Ástæður eru þessar:

Eins og meðfylgjandi læknisvottorð sýnir er eg heilsubilaður og get ekki unnið og hefi verið svo nokkur undanfarin ár og hefi litla eða enga von um bata, enda er nú kominn á sjötugsaldur. Við hjónin bjuggum lengi í Stafholtstungum, en fluttum hingað fyrir rúmum 4 árum, og hefir konan mín hingað til unnið hér fyrir okkur báðum, því að börn okkar eru ekki aflagsfær okkur til styrktar. Við erum efnalaus með öllu, en vonum að nokkur ríflegur styrkur úr sjóðnum geti hjálpað okkur til að verjast sveit.

Rvík, Vesturgötu 35, 27. sept. 1909

Tómas Guðmundsson
(handsalað)

Til Bæjarstjórnar Reykjavíkur

Sýni bið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að rétt sè skýrt frá ástæðum og efnahag í kinnsvegarrikaði umsóknar, er mèr kunnugt, og verði samþykt með umsókninni, því eg veit að þörfin er mikil.

Þ. u. s.

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## G. BJÖRNSSON

landlæknir.

Viðtalstími firir sjúklinga: 10–11 árd.
Einnig heima virka daga: 7–8 síð.

Talsími: 18.

Rp. Tómas Guðmundsson Vesturgötu 35 er svo bilaður á heilsu að hann getur ekkert unnið og er lítil sem engin von um að það lagist.

Reikjavík 27/9 1909

G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð, að biðja hina heiðruðu Bæjarstjórn, að veita mjer ofurlitinn styrk af alþýðu styrktarsjóði, ef því er úthlutast á, á þessu hausti til verðugra þiggenda.
Jeg er 77 ára að aldri, þrotinn að heilsu og kröptum, eignalaus, hefi áður þjónað í vinnumensku í ýmsum stöðum fram á fertugs aldur.
Að öðru leyti veit jeg, að hinni heiðruðu nefnd er svo kunnugt um ástæður mínar, að jeg þarf ekki að skíra það frekar, en vonast eptir góðri bænheyrslu.

Reykjavík 13. Sept. 1909.

Sigurður Sigurðarson

Til Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér er kunnugt um, að Sigurður Þórðarson segir satt og rétt frá högum sínum og kringumstæðum. Hann er eignalaus maður aldinn og kraptar hans þrotnir sakir elli og heilsuleysis.

Reykjavík 14. Sept. 1909.

Ólafur Ólafsson
fríkirkjuprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur